



Friðlýsingar 2015

**Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis-
og auðlindaráðherra um vinnu við
friðlýsingar á árinu 2015**

Október 2016



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR	1–3
2.	FRÍDLÝSINGAR Á GRUNDEVELLI RAMMAÁÆTLUNAR	2–4
2.1.	Kerlingarfjöll	2–4
2.2.	Friðland að Fjallabaki	2–4
3.	FRÍDLÝSINGAR Á GRUNDEVELLI NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUNAR	3–5
3.1.	Látrabjarg.....	3–5
4.	AÐRAR FRÍDLÝSINGAR Í VINNSLU	4–6
4.1.	Glerárdalur	4–6
4.2.	Hólar í Öxnadal	4–6
5.	ENDURSKOÐUN ELDRI FRÍDLÝSINGA	5–8
5.1.	Flatey.	5–8
6.	STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLANIR	6–9
6.1.	Verndar- og stjórnunaráætlanir sem er lokið	6–9
6.1.1.	Dimmuborgir	6–9
6.1.2.	Dynjandi	6–10
6.1.3.	Fossvogsbakkar	6–10
6.1.4.	Háubakkar	6–11
6.1.5.	Laugarás	6–11
6.2.	Verndar- og stjórnunaráætlanir í vinnslu	6–12
6.2.1.	Flatey.....	6–12
6.2.2.	Friðlandi Svarfdæla	6–12
6.2.3.	Gullfoss.....	6–13
6.2.4.	Kringilsárrani	6–13
6.2.5.	Teigarhorn.....	6–14
7.	LOKAORÐ	7–15

1. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd sem gengu í gildi þann 15. nóvember 2015. Fyrir gildistöku laga nr. 60/2013 sinnti stofnunin sama hlutverki í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999. Umhverfisstofnun gefur umhverfis- og auðlindaráðherra árlega yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar og er hér yfirlit yfir þá vinnu á árinu 2015. Auk þess er yfirlit yfir vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði sem Umhverfisstofnun ber jafnframt ábyrgð á að gera samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013.

Skýrslan skiptist í fimm kafla; friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar, friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar, aðrar friðlýsingar í vinnslu, endurskoðun eldri friðlýsinga og stjórnunar- og verndaráætlanir.

Engin ný svæði voru friðlýst á árinu 2015 en lokið var við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir fimm friðlýst svæði, Dimmuborgir, Dynjanda, Fossvogsbakka, Háubakka og Laugarás. Hafist var handa við gerð fleiri stjórnunar- og verndaráætlana á árinu.

Um áramótin 2013-2014 rann náttúruverndaráætlun 2009-2013 sitt skeið á enda og var vinna við verkefni á grundvelli áætlunarinnar því að mestu í bið. Með nýjum náttúruverndarlögum breyttist fyrirkomulag náttúruverndaráætlunar og er nú áætlað að gefa út skrá í þremur hlutum, A, B og C. Í A-hluta er skrá yfir friðlýst svæði, í B-hluta er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og í C-hluta er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. B hluti mun gegna sambærilegu hlutverki og náttúruverndaráætlun gerði samkvæmt eldri lögum. Í lok árs 2015 lá ekki fyrir skráning svæða á B hluta náttúruminjaskrár. Af þessum sökum, auk þess sem fjárveiting til friðlýsinga var felld niður á fjárlögum ársins 2015, var vinna við friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar/B-hluta náttúruminjaskrár í bið. Fjárveiting til friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar var einnig felld niður á fjárlögum 2015 og voru verkefni á þeim grunni því einnig að mestu leyti í bið á árinu.

Árið 2015 var lögð aukin áhersla á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir svæði sem friðlýst hafa verið samkvæmt eldri lögum skal lokið eigi síðar en tíu árum frá gildistöku laganna. Þessi svæði eru ríflega 100 talsins og því ærið verkefni fyrir höndum.

2. Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða þar sem virkjunarkostir eru flokkaðir í þrjá flokka, orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Umhverfisstofnun er falið það hlutverk skv. lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að undirbúa friðlýsingu þeirra tuttugu svæða sem flokkuð voru í verndarflokk í þingsályktuninni. Árið 2013 var lagður mikilvægur grunnur að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar. Þeim undirbúningi er lýst í skýrslunni *Friðlýsingar 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013*. Í lok ársins 2013 var vinna við undirbúning friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar sett í bið. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að fjárveiting til friðlýsinga landsvæða sem flokkuð voru í verndarflokk rammaáætlunar var felld niður í fjárlögum ársins 2014. Árið 2014 fór fram lítils háttar vinna í tengslum við Norðlingaölduveitu. Árið 2015 var vinna við undirbúning að friðlýsingu svæða á grundvelli rammaáætlunar einnig að mestu í bið, en þó var hafin undirbúningsvinna í tengslum við virkjanakosti á Kerlingarfjallasvæðinu og í nágrenni friðlands að Fjallabaki.

2.1. Kerlingarfjöll

Seinni hluta árs 2015 barst Umhverfisstofnun beiðni frá sveitarfélaginu Hrunamannahreppi um samstarf við undirbúning að friðlýsingu Kerlingarfjalla. Á Kerlingarfjallasvæðinu eru fjórir virkjanakostir sem fjallað var um í 2. áfanga rammaáætlunar sem allir voru flokkaðir í verndarflokk. Í lok árs 2015 var tekin ákvörðun í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra um að halda áfram vinnu við undirbúning friðlýsingarinnar, en árið 2013 hafði farið fram nokkur undirbúningsvinna sem lýst er í skýrslu um friðlýsingar árið 2013. Unnið verður að undirbúningi að friðlýsingu svæðisins árið 2016.

2.2. Friðland að Fjallabaki

Þann 29. júlí 2015 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp um friðland að Fjallabaki. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er formaður hópsins auk þess sem með honum starfaði sérfræðingur stofnunarinnar á Suðurlandi. Starfshópnum var falið að fjalla um og gera tillögur til ráðherra um málefni friðlands að Fjallabaki. Í skipunarbréfi ráðherra var bent á að ráðuneytið telji rétt að endurskoða mörk svæðisins og friðlýsingarskilmála m.a. með tilliti til verndarflokks rammaáætlunar.

Á svæðinu sem starfshópurinn skoðaði með tilliti til stækkunar verndarsvæðis eru virkjanakostir sem fjallað var um í 2. áfanga rammaáætlunar. Þetta eru Hólmsárvirkjun við Einhyrning með miðlun, Markarfljótsvirkjun A, Markarfljótsvirkjun B, Tungnaárlón og Bjallavirkjun.

Starfshópurinn lauk störfum um mitt ár 2016.

3. Friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar

Umhverfisstofnun hefur á undanförunum árum unnið að friðlýsingu svæða á grundvelli náttúruverndaráætlunar. Af þeim fimmtán svæðum sem náttúruverndaráætlun 2004-2008 tekur til hafa þrjú svæði verið friðlýst og ein friðlýsing langt komin. Það eru Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarður og Vatnshornsskógur og friðlýsing Vestmannaeyja er langt komin. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vann að undirbúningi friðlýsingar Vestmannaeyja þar sem Umhverfisstofnun vísaði málinu til ráðuneytis árið 2009. Undirbúningur stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs var í höndum ráðuneytisins. Auk þess hefur Skerjafjarðarsvæðið verið friðlýst að hluta. Á náttúruverndaráætlun 2009-2013 voru tiltekin ellefu svæði auk tegundafriðlýsinga. Af þessum ellefu svæðum hafa þrjú verið friðlýst; Hálsar sem búsvæði tjarnarklukku, svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti og Langisjór og nágrenni.

Líkt og áður hefur komið fram voru flest friðlýsingarverkefni sett í bið árið 2014 og það sama gildir fyrir árið 2015. Á árinu var þó áfram unnið að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs í samræmi við náttúruverndaráætlun. Hvað varðar stöðu á undirbúningi friðlýsinga annarra svæða á náttúruverndaráætlun vísast til skýrslunnar *Staða friðlýsinga 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013*.

3.1. Látrabjarg

Samstarfsnefnd um friðlýsingu Látrabjargs hefur nú starfað í 5 ár, eða frá því í janúar 2011 þegar bæjarstjóri Vesturbyggðar skipaði nefnd um framtíðarskipulag Látrabjargs. Á vormánuðum 2015 unnu fulltrúar Umhverfisstofnunar í samstarfsnefnd drög að stjórnunarfyrirkomulagi fyrir friðlýst svæði á Látrabjargi og lögðu fyrir samstarfsnefnd á fundi í júní. Á þeim fundi var ákveðið að allir landeigendur yrðu boðaðir á fund og drögin kynnt auk þess sem óskað yrði eftir því að landeigendur skrifuðu undir yfirlýsingu þess efnis að vilji væri til þess að halda áfram friðlýsingarvinnunni í samstarfi við Umhverfisstofnun. Ekki hefur verið samstaða á meðal landeigenda, sem eru rúmlega 100, um hvort vilji sé til að halda undirbúningnum áfram. Í desember voru haldnir tveir fundir með landeigendum, í Reykjavík og á Patreksfirði. Ekki náðist til allra landeigenda og því lá ekki fyrir í lok árs hvort að vilji allra landeigenda sé til að halda áfram undirbúningi að friðlýsingu Látrabjargs.

Í janúar 2015 var samþykkt deiliskipulag sem nær yfir það svæði sem lagt hefur verið til að verði friðlýst. Öll vinna við gerð deiliskipulagsins miðaði að því að svæðið yrði friðlýst sem þjóðgarður.

Ferðamönnum á Látrabjargssvæðinu hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár og er svæðið farið að láta á sjá vegna ágangs. Umhverfisstofnun hefur haft eftirlit og umsjón með svæðinu frá árinu 2011 eins og fjárveitingar standa til hverju sinni. Mörgum landeigendum er mikið í mun að komið verði á fastri umsjón með svæðinu og að svæðið verði verndað fyrir ágangi ferðamanna. Til þess að svo geti orðið þarf að nást samstaða meðal landeigenda um hvert skal stefna og hvort halda skuli undirbúningu að friðlýsingu áfram í samstarfi við Umhverfisstofnun.

4. Aðrar friðlýsingar í vinnslu

Á árinu 2015 var unnið að undirbúningi tveggja friðlýsinga að tillögu sveitarfélaga og landeigenda.

4.1. Glerárdalur

Þann 15. janúar 2013 barst Umhverfisstofnun tillaga frá Akureyrarkaupstað um að hluti Glerárdals verði friðlýstur sem fólkvangur. Tillagan var lögð fram í kjölfar samþykktar opins hátíðarfundar bæjarstjórnar Akureyrar þann 29. ágúst 2012 í tilefni af 150 ára afmælisdegi Akureyrar, þar sem samþykkt var að stefnt skuli að því að hluti Glerárdals verði skilgreindur sem fólkvangur. Viðræður við sveitarfélagið um friðlýsingu Glerárdals hófust í maí sama ár og hefur málið verið í vinnslu síðan.

Við vinnslu málsins hafa drög að mörkum fólkvangsins breyst nokkuð, en í upphafi var gert ráð fyrir að fyrirhuguð þriggja megawatta Glerárdalsvirkjun yrði innan marka fólkvangsins. Nokkrar umræður urðu um staðsetningu vatnsaflsvirkjunar í miðjum fólkvangi og voru uppi skiptar skoðanir um hversu heppilegt slíkt fyrirkomulag væri. Við lok árs 2013 lá hins vegar fyrir að mörk fólkvangsins voru færð þannig að öll mannvirki sem mögulega verða reist í tengslum við umrædda virkjun yrðu utan hins friðlýsta svæðis, en Akureyrarkaupstaður hyggst vernda svæðið, sem áður var hugsað innan marka fólkvangsins, með hverfisvernd. Á auglýsingatíma árið 2014 bárust athugasemdir sem unnið var úr og auglýsing um friðlýsingu uppfærð til samræmis. Ein athugasemd sneri að lagningu nýrra raflína um það svæði sem fólkvangurinn mun ná til. Af því tilefni var haldinn fundur í júní 2015 með fulltrúum Akureyrarbæjar, Landsnets, fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar. Á þeim fundi náðist samstaða um orðalag greinar um lagningu nýrra rafstrengja. Tillaga að friðlýsingu Glerárdal var síðan tekin fyrir í bæjarstjórn Akureyrarbæjar og var samþykkt þann 1. desember 2015.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar einnig land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar- og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Gert er ráð fyrir að friðlýsing Glerárdals sem fólkvangs verði undirrituð á fyrri hluta árs 2016.

4.2. Hólar í Öxnadal

Með bréfi dags. 20. apríl 2013 óskaði landeigandi jarðarinnar Hóla í Öxnadal eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að ráðherra ákveði friðun Hólahóla í landi jarðarinnar. Ráðuneytið óskað síðan eftir mati á verndargildi svæðisins með bréfi þann 16. maí 2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vann gróf drög að friðlýsingarskilmálum fyrir fyrirhugað friðland sem bárust Umhverfisstofnun þann 7. ágúst 2013.

Unnið var að undirbúningi friðlýsingar á árunum 2013 og 2014 og drög að friðlýsingarskilmálum auglýst árið 2014. Á undirbúningstíma kom fram að Hörgársveit hafði áform um að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ekki var unnt að ljúka við gerð



friðlýsingarskilmála fyrir en breytt aðalskipulag var samþykkt þar sem nauðsynlegt er að samhljómur sé með gildandi aðalskipulagi og ákvæðum friðlýsingarskilmála. Nýtt aðalskipulag Hörgársveitar var samþykkt í desember 2015 og verður undirbúningi á friðlýsingu svæðisins fram haldið árið 2016.

5. Endurskoðun eldri friðlýsinga

Auglýsingar margra friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar eru komnar til ára sinna. Með breyttum áherslum og þá sérstaklega aukinni áherslu á skýrleika friðlýsingarskilmála, er orðin þörf á endurskoðun eldri friðlýsingarskilmála. Á árinu 2015 var hafin vinna við endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir friðlandið í Flatey á Breiðafirði.

5.1. Flatey

Hluti Flateyjar í Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var friðlýst sem friðland árið 1975. Með friðlýsingunni er gróður og dýralíf svæðisins verndað. Friðlandið er mikilvægt varpsvæði sjaldgæfra fuglategunda, t.d. þórshana og rauðbrytings.

Þegar vinna við undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey hófst, bárust ábendingar þess efnis að þörf væri á því að stækka friðlandið í Flatey. Samkvæmt upplýsingum frá ábúendum eyjarinnar hefur nokkuð borið á því að þórshani verpi utan friðlandsins og því talin þörf á að stækka friðlandið til að vernda varp þessa sjaldgæfa fugls. Einnig bárust ábendingar þess efnis að endurskoða þyrfti lokunartíma friðlandsins, en samkvæmt núgildandi auglýsingu er umferð um friðlandið óheimil á tímabilinu 15. apríl – 15. ágúst. Að mati sérfræðinga sem Umhverfisstofnun leitaði til er nægilegt að friðlandið sé lokað á tímabilinu 15. maí – 15. júlí.

Vegna framkominna athugasemda var ákveðið að ráðast í endurskoðun auglýsingar fyrir friðlandið og vinna undirbúningsvinnu samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Sú vinna hófst í lok ágúst 2015. Í samstarfsnefnd um undirbúninginn eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps, Framfarafélags Flateyjar og ábúendur í Flatey. Stefnt er að því að endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir Flatey ljúki árið 2016.

6. Stjórnunar- og verndaráætlanir

Á undanförunum árum hefur komið í ljós að friðlýst svæði eru mörg hver undir miklu álagi, meðal annars vegna aukins fjölda ferðamanna sem heimsækir Ísland. Við þessu álagi þarf að bregðast með uppbyggingu og stjórnun á friðlýstum svæðum. Í stjórnunar- og verndaráætlunum eru aðgerðir í tengslum við uppbyggingu og stjórnun skráðar, skipulagðar og þeim forgangsraðað í aðgerðaáætlun.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með ríflega 100 friðlýstum svæðum á Íslandi. Stofnunin hefur m.a. það hlutverk samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að annast gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögnum skal gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir öll friðlýst svæði vera lokið eigi síðar en tíu árum eftir að lögin ganga í gildi (2025).

Í upphafi árs 2014 höfðu aðeins verið gefnar út 4 stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar. Var þá unnin gróf forgangsröðun í samræmi við bolmagn friðlýsingateymis það ár en jafnframt ákveðið að forgangsraða almennt stjórnunar- og verndaráætlanagerð fyrir friðlýst svæði í umsjón stofnunarinnar. Forgangsröðunin verður uppfærð á tveggja ára fresti. Forgangsröðunin mun nýtast vel við áætlanagerð á næstu árum, þó að ljóst sé að aðstæður hverju sinni hafi áhrif á hversu margar og hvaða stjórnunar- og verndaráætlanir eru unnar hverju sinni.

6.1. Verndar- og stjórnunaráætlanir sem er lokið

Á árinu 2015 var lokið við gerð fimm stjórnunar- og verndaráætlana, auk þess sem hafin er vinna við gerð áætlana fyrir fimm önnur svæði (kafla 6.2).

6.1.1. Dimmuborgir

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dimmuborgir var undirrituð þann 1. júlí 2015. Vinna við gerð áætlunarinnar hófst haustið 2014 með stofnun vinnuhóps þar sem sátu fulltrúar Umhverfisstofnunar, Landgræðslu ríkisins, Skútustaðahrepps og Náttúrustofu Norðausturlands. Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2024 en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin sem henni fylgir verði endurskoðuð og uppfærð árið 2019.

Dimmuborgir voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 2011. Samhliða friðlýsingunni var undirritaður samningur þar sem Landgræðslu ríkisins var falin umsjón og rekstur svæðisins. Dimmuborgir hafa að geyma afar sérstæðar hraunmyndanir sem eru minjar tæmdrar hrauntjarnar sem myndaðist fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúdents- og Þrengslaborgum yfir Mývatn og í sjó fram í Skjálfanda.

Meginmarkmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið er að leggja fram stefnu um verndun Dimmuborga og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dimmuborgir voru auglýst til kynningar á heimasíðu Umhverfisstofnunar þann 27. mars 2015 auk þess sem hagsmunaaðilum var send tilkynning þar sem vakin var athygli á auglýsingunni. Engar athugasemdir bárust.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dimmuborgir er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6.1.2. Dynjandi

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dynjanda var undirrituð þann 15. júní 2015. Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2024 en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði uppfærð árið 2019. Áætlunin var unnin af samstarfsnefnd um náttúruvættið og starfsfólki Umhverfisstofnunar.

Dynjandi er 99 m hár foss sem fellur fram af fjallsbrún eftir hörðu blágrýtislagi. Dynjandi er í Dynjandisá og er efstur í fossastiga sem varð til vegna lagskiptingar bergsins í hraunlög og lausari millilög. Neðan Dynjanda liðast áin niður 7 fossa og endar í sjó í Dynjandisvogi.

Dynandi var friðlýstur árið 1981 og frá þeim tíma hafa orðið umtalsverðar breytingar þar sem álag af mannavöldum hefur aukist verulega. Fjöldi ferðamanna sem heimsækja svæðið hefur margfaldast og ferðamannatíminn hefur lengst. Svæðið er undir töluverðu álagi og er á appelsínugulum lista yfir svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins. Lögð er áhersla á að afnot gesta og ferðaþjónustuaðila á svæðinu skuli vera sjálfbær. Sérstaða náttúruvættisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar til athugasemda þann 18. febrúar 2015. Auk þess var hagsmunaaðilum sendur tölvupóstur til að vekja athygli á auglýsingunni. Alls bárust fjórar athugasemdir, meðal annars varðandi rekstur salernis, orðalag í texta og forgangsröðun aðgerða. Öllum athugasemdum var svarað.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dynjanda er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6.1.3. Fossvogsbakkar

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Fossvogsbakka var undirrituð þann 30. júní 2015. Áætlunin gildir til ársins 2024 en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði uppfærð og endurskoðuð árið 2019. Stjórnunar- og verndaráætlunin var unnin af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og starfsfólki Umhverfisstofnunar.

Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999. Þar er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, sem lýsa ástandi í lok ísaldar fyrir 11.000 árum. Lögin eru um 2 km að lengd við strandlengjuna og tæplega 5 m þykk þar sem þau eru þykkust. Í setlögnum er að finna ýmsa steingervinga og jökulset. Verndargildi svæðisins felst einnig í staðsetningu þess í miðri borg og aðgengileika.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar er að leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Lögð er áhersla á verndun jarðminja og sýnileika þeirra, aðgengi gesta að svæðinu og að öryggi þeirra sé tryggt.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Fossvogsbakka voru lögð fram til kynningar þann 24. mars 2015 auk þess sem hagsmunaaðilum var send tilkynning þar sem vakin var athygli á auglýsingunni. Aðeins ein athugasemd barst þar sem kynningu og áherslu á verndun menningarminja á svæðinu var fagnað.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Fossvogsbakka er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6.1.4. Háubakkar

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Háubakka var undirrituð þann 30. júní 2015. Áætlunin gildir til ársins 2024 en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði uppfærð og endurskoðuð árið 2019. Stjórnunar- og verndaráætlunin var unnin af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og starfsfólki Umhverfisstofnunar.

Háubakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983. Þar er að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Í setlögnum er meðal annars að finna þykkt surtarbrandslag. Setlögin eru bæði sjávar- og þurrlendissetlög með steingervingum og jökulbergi. Það bendir til þess að sjávarstaða hafi verið all breytileg á þeim tíma er setlögin mynduðust. Verndargildi svæðisins felst einnig í staðsetningu þess en aðgengi að svæðinu fyrir almenning og vísindamenn er gott og svæðið því mjög ákjósanlegt til fræðslu og rannsókna.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar er að leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Lögð er áhersla á verndun jarðminja og sýnileika þeirra, aðgengi gesta að svæðinu og góða umhirðu svæðisins.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Háubakka voru lögð fram til kynningar þann 24. mars 2015 auk þess sem hagsmunaaðilum var send tilkynning þar sem vakin var athygli á auglýsingunni. Engin athugasemd barst.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Háubakka er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6.1.5. Laugarás

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Laugarás var undirrituð þann 30. júní 2015. Áætlunin gildir til ársins 2024 en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði uppfærð og endurskoðuð árið 2019. Stjórnunar- og verndaráætlunin var unnin af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og starfsfólki Umhverfisstofnunar.

Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1982. Á svæðinu eru jarðminjar í formi jökulrispaðs bergs og einnig má sjá ummerki um sjávarstöðu í lok ísaldar, en Laugarás var einn af fáum stöðu í Reykjavík sem var ekki neðansjávar þegar sjávarstaðan var sem hæst. Jarðminjar svæðisins veita mikilvæga sýn í jarðsögu Reykjavíkur og upplýsingar um loftslags- og landháttabreytingar.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar er að leggja fram stefnu um verndun náttúruvættisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Lögð er áhersla á verndun jarðminja og sýnileika þeirra, aðgengi gesta að svæðinu og möguleika til fræðslu.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Laugarás voru lögð fram til kynningar þann 24. mars 2015, auk þess sem hagsmunaaðilum var send tilkynning þar sem vakin var athygli á auglýsingunni. Engin athugasemd barst.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Laugarás er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6.2. Verndar- og stjórnunaráætlanir í vinnslu

Á árinu 2015 var unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir fimm svæði til viðbótar þeim áætlunum sem lokið var við á árinu. Þessi svæði eru Flatey, Gullfoss, Friðland Svarfdæla, friðlýst svæði á Teigarhorni og Kringilsárrani.

6.2.1. Flatey

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey hófst í lok ágúst 2015. Áætlunin er unnin af samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps, Framfarafélags Flateyjar og ábúendur í Flatey. Samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er unnið að endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir friðlandið (kafli 5.1.).

Austurhluti Flateyjar í Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var friðlýstur árið 1975. Verndargildi friðlandsins á austurhluta eyjarinnar felst í því að svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, sérstaklega með tilliti til fuglastofna. Friðlandið er mikilvægt varpsvæði sjaldgæfra varpfugla á Íslandi og fugla sem eru á valista alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN). Friðlandið er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem er á lista BirdLife International sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sátt við ábúendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Afnot gesta, ábúenda og ferðaþjónustuaðila af svæðinu skulu vera sjálfbær. Sérstaða friðlandsins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar friðlandsins og endurskoðunar á auglýsingu um friðlandið í Flatey mun vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ekki ljúka fyrr en ný auglýsing hefur verið samþykkt.

6.2.2. Friðlandi Svarfdæla

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland Svarfdæla hófst á vormánuðum árið 2015. Efnt var til kynningarfundar á Húsabakka í Svarfaðardal þar sem áform um gerð áætlunarinnar voru kynnt fyrir landeigendum. Á sama tíma var skipaður samstarfshópur sem í eiga sæti fulltrúar landeigenda, Dalvíkurbyggðar, Náttúrusetursins á Húsabakka og Umhverfisstofnunar.

Friðland Svarfdæla var friðlýst árið 1972 að frumkvæði landeigenda. Ekki er skýrt kveðið á um tilgang friðunar svæðisins í auglýsingu, en með hliðsjón af áherslu á verndun fuglalífs og lífríkis svæðisins í umgengnisreglum um friðlandið er litið svo á að megin verndarandlag Friðlands Svarfdæla sé fuglalíf svæðisins. Það endurspeglast einnig í því að svæðið er jafnan

í daglegu tali kallað fuglafriðland. Mikið fuglalíf er innan svæðisins en um eða yfir 30 tegundir fugla verpa þar að staðaldri. Verndunin er þó ekki einungis fólgin í verndun fuglalífs, heldur einnig þeim hefðbundnu nytjum sem eru og hafa verið á svæðinu frá stofnun friðlandsins og löngu fyrir þann tíma.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland Svarfdæla er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland Svarfdæla stóð enn yfir í lok árs 2015, en gert er ráð fyrir að vinnu við hana ljúki á fyrri hluta ársins 2016.

6.2.3. Gullfoss

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Gullfoss hófst á haustmánuðum 2015, en samstarfshópur hafði verið skipaður fyrir á árinu. Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Bláskógabyggðar og landeigenda.

Gullfoss og næsta nágrenni var friðlýst sem friðland árið 1979. Gullfoss er í Hvítá. Fossinn fellur í tveimur þrepum niður í Gullfossgljúfur. Verndargildi svæðisins er margþætt en ríkir sjónrænt gildi þar helst og er mikilvægt að vernda ásýnd fossins, vatnasvið hans og nærumhverfi. Þá er einnig fjölbreytt gróðurfar á svæðinu. Auk náttúrufarslegra gilda hefur svæðið menningarsögulegt gildi en segja má að verndun Gullfoss gegn virkjanahugmyndum sé stór hluti af sögu náttúruverndar á Íslandi.

Gullfoss er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og mikilvægt að skipuleggja, skrá og forgangsraða aðgerðum vegna uppbyggingar í þágu náttúruverndar á svæðinu.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Gullfoss er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Afnot gesta og ferðaþjónustuaðila af svæðinu skulu vera sjálfbær en huga þarf sérstaklega að því hvernig hægt er að vernda umhverfi svæðisins en á sama tíma taka á móti þeim fjölda fólks sem þangað kemur árlega.

6.2.4. Kringilsárrani

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana hófst árið 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs með aðkomu Landgræðslu ríkisins og hagsmunaaðila.

Kringilsárrani var friðlýstur sem friðland árið 1975 en friðlýsingunni var breytt árið 2003. Kringilsárrani er sérstæð og gróin landspilda sem er mörkuð af hopi Brúarjökuls. Jökulminjar eru greinilegar á svæðinu og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann þverann. Segja má að friðlandið skiptist í þrjú svæði, Kringilsárrana sjálfan, Hreinatungur og Maríutungur. Nágrenni friðlandsins breyttist nokkuð með tilkomu Háslóns.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess til framtíðar og draga úr áhrifum framkvæmda á svæðinu.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kringilsárrana lá niðri á fyrri hluta ársins 2015, en hófst að nýju síðari hluta ársins og stefnt er að því að ljúka við gerð hennar árið 2016.

6.2.5. Teigarhorn

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Teigarhorn og náttúruvættið geislasteina í landi Teigarhorns hófst fyrri hluta árs 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar og stjórn fólkvangsins. Þar sem svæðin tvö eru að hluta til á sama svæði var ákveðið að gerð skyldi sameiginleg áætlun fyrir þau bæði.

Hluti jarðarinnar Teigarhorns var fyrst friðlýstur sem náttúruvætti árið 1975. Friðlýsingin var síðan endurskoðuð árið 2013 með auglýsingu um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns. Árið 2013 var einnig undirrituð friðlýsing fólkvangsins Teigarhorns. Markmiðið með friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum með tilliti til þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum, en svæðið er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni þeirra mikil. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmyndunum svæðisins en svæðið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Markmiðið með friðlýsingu fólkvangsins er að tryggja útivistarsvæði í fögru umhverfi þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sérstakri náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns.

Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðin tvö er að leggja fram stefnu um verndun þeirra og hvernig viðhalda eigi verndargildi þeirra þannig að sem mest sátt ríki um. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni.

Vinnan við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðin tvö á Teigarhorni var á lokastigum í lok árs 2015.

7. Lokaorð

Með friðlýsingu svæða er slegið upphafsstef í langtímaverkefni sem felur í sér verndun svæða. Verndun felur ekki bara í sér viðhald á verndargildi, heldur einnig uppbyggingu á styrk svæðanna og innviðum eftir því sem við á. Mikil áskorun er fólgin í þeim gríðarlega fjölda ferðamanna sem heimsækir Ísland á ári hverju. Rannsóknir hafa sýnt að náttúra landsins er það aðdráttarafl sem dregur flesta ferðamenn hingað til lands. Vaxandi ferðamannastraumur hefur í för með sér gríðarlegt álag á margar náttúruperlur, hvort sem þær eru friðlýstar eða ekki. Í ljósi þess er afar mikilvægt að standa vörð um þær til að koma í veg fyrir hnignun þeirra. Komandi kynslóðir munu þá njóta þeirra um ókomin ár, svæðin verða áfram aðdráttarafl fyrir ferðamenn, en fyrst og fremst er þó nauðsynlegt að standa vörð um þau vegna þeirra sjálfra; sjónrænnar fegurðar, fjölbreytni og mikilvægis þeirra fyrir lífríki og vistkerfi.

Ætla má að breytingar aðferðafræði við áætlanagerð um friðlýsingar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd skili meiri samhæfingu skipulagsyfirvalda og stjórnvalda í náttúruvernd um landnotkun. Þá vill stofnunin áréttta að mikilvægt er að gera ráð fyrir uppbyggingar- og rekstrarfjármagni samhliða nýjum friðlýsingum, ekki síst vegna aukinnar ferðaþjónustu.

Ekki síður er mikilvægt að standa vörð um og viðhalda verndargildi þeirra svæða sem þegar hafa verið friðlýst. Það hefur Umhverfisstofnun gert, bæði með endurskoðun eldri friðlýsingarskilmála, með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði, auk reksturs og viðhalds svæðanna. Með stjórnunar- og verndaráætlunum er lögð fram stefna um verndun svæða og hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra í sátt við hagsmunaaðila. Þá er áætlunum einnig ætlað að standa vörð um og draga fram sérstöðu svæðanna. Í ljósi þess að hér er um að ræða afar umfangsmikið verkefni, enda friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar ríflega 100 talsins, hefur verið lögð mikil vinna í forgangsröðun stjórnunar- og verndaráætlana. Sú forgangsröðun endurskoðast árið 2016.

Árið 2016 munu tveir starfsmenn hefja störf í friðlýsingateymi í fullu starfi til viðbótar við þá starfsmenn sem þegar starfa í teyminu. Í kjölfar þess mun aukinn kraftur færast í störf friðlýsingateymis við friðlýsingar og ekki síst við gerð stjórnunar- og verndaráætlana á árinu 2016, en áætlað er að ljúka við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir 10 friðlýst svæði árið 2016.